

Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um uppbyggingaráform

Á fundi borgarráðs þann 30. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi með borgarstjóra hinn 14. október 2016 og í framhaldinu birtist fréttatilkynning á vef Reykjavíkurborgar, (sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/dagur_b_eggertsson_uppbygging_i_reykjavik_14okt2016.pdf voru kynnt uppbyggingaráform í Reykjavík) um stórkostleg uppbyggingaráform íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Þar kom fram að um 5.500 íbúðir væru í samþykktu deiliskipulagi, um 4.000 í skipulagsferli og 8.000 íbúðir í þróun. Hvað liður þessum áformum?


Svar:

Á uppbyggingarfundum borgarstjóra þann 14. október 2016 sem vísað er til í fyrirspurninni var staða uppbyggingar í Reykjavík kynnt, eins og hún stóð þá. Sömu upplýsingar voru hluti af húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem var lögð fyrir borgarráð þann 30. mars 2017 og samþykkt í borgarstjórn 6. júní 2017. Þar var að finna uppfærða stöðu uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í Reykjavík eins og hún var á fyrri hluta árs 2017. Á þeim tíma sem liðinn er hefur mjög mikill gangur verið í uppbyggingu húsnæðis í borginni. Jafnframt hefur mikið af deiliskipulagsáætlunum haft framgang og hlotið samþykki. Fjöldi þeirra svæða sem taldist vera reitir með samþykktu skipulagi 2016 eru nú komnir í byggingu og orðnir að framkvæmdasvæðum og að sama skapi er fjöldi þeirra verkefna sem var í skipulagsferli 2016 og 2017 komið í flokk reita sem eru með samþykktu skipulagi eða komin á framkvæmdastig. Þá eru mörg þróunarsvæði komin í formlegt skipulagsferli.

Til að gefa yfirlit um framgang uppbyggingarinnar og hreyfingar milli þessara mismunandi flokka má vísa í meðfylgjandi töflu. Í nýuppfærðum tölum fyrir nóvember 2018 eru íbúðir á byggingarsvæðum á framkvæmdastigi 4.809 og hefur fjöldi þeirra því nær tvöfaldast frá því vorið 2017. Þetta er sama þróun og sést hefur í talningum Samtaka iðnaðarins þar sem mikil aukning íbúða í uppbyggingu í borginni er staðfest. Þá er fjöldi íbúða á reitum með samþykktu deiliskipulagi nú 3.335 talsins og íbúðir í formlegu skipulagsferli eru nú 7.575. Þetta undirstrikar að hægt verði að byggja áfram upp af krafti í borginni á næstu árum. Samhliða þessum góða gangi í skipulagsvinnunni hefur reitum sem aðeins teljast á þróunarstigi fækkað eru íbúðir á þeim nú 5.065.

Fjöldi íbúða- stöðumat	Vor 2017	Okt. 2017	Mars 2018	Nóv. 2018
A. Byggingarsvæði á framkvæmdastigi	2.577	3.100	3.697	4.809
B. Samþykktar í deiliskipulag	2.750	4.302	3.807	3.335
C. Í formlegu skipulagsferli	4.117	3.045	6.445	7.575
D. Þróunarsvæði í skoðun/undirbúningi	9.355	8.805	5.505	5.065
alls:	18.799	19.252	19.454	20.784

Sama þróun sést í útgáfu nýrra byggingarleyfa. Mikil aukning hefur orðið á fjölda íbúða sem hafin er bygging á í Reykjavík síðastliðin ár. Alls hófst smíði á um 923 nýjum íbúðum í Reykjavík árið 2017 og er það svipaður fjöldi og árin tvö á undan, sem voru einnig stór ár í sögulegu samhengi. Árið 2018 var orðið metár í byggingu nýrra íbúða í Reykjavík þegar aðeins níu mánuðir voru liðnir af árinu. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2018 var hafin bygging á 1.344 íbúðum í Reykjavík skv. útgefnum byggingarleyfum; 1.303 í fjölbýlishúsum, 15 í raðhúsum, 8 í tvíbýlishúsum og 18 í einbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að enn verði aukning á fjölda íbúða sem hafin er smíði á á síðustu mánuðum ársins. Árið 2018 verði þær 1.330 og flestar verði þær 1.400 árið 2019.



Dagur B. Eggertsson